

3.3. AÐALFJALLVEGIR

3.3.1. Kaldadalsvegur (40 km):

Af Uxahryggjavegi (52) í Brunnnum um Kaldadal á Hálsasveitarveg (518) hjá Húsafelli.

3.3.2. Kjalvegur (165 km).

Af Biskupstungnabraut (35) hjá Gullfossi um Hvitanes, Hveravelli á Kjalveg (732) hjá Eiðsstöðum í Blöndudal.

3.3.3. Fjallabaksvegur nyrðri (80 km):

Af Þjórsárdalsvegi (32) við Sigöldu yfir Jökulgilskvísl hjá Landmannalaugum, Eldgjá og Skaftártungu á Búlandsveg (208) hjá Búlandi.

3.3.4. Sprengisandsleið (536 km):

Af Þjórsárdalsvegi við Sigölduvirkjun vestan Þórisvatns um Þveröldu, Tómasarhaga hjá Fjórðungsvatni um Hólafjall á Sölvadalsveg (827) hjá Þormóðsstöðum í Eyjafirði (189 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Laugarfell yfir brú á Jökulsá eystri á Austari-Bug á Skagafjarðarveg (752) hjá Giljum (75 km).

Álma norðan Fjórðungsvatns um Kiðagilsdrög á Bárðardalsveg vestri (842) hjá Mýri í Bárðardal (76 km).

Álma úr Tómasarhaga um Urðarháls yfir Jökulsá hjá Upptypingum austan í Þríhyrningsfjallgarði á Jökuldalsveg (923) hjá Brú á Jökuldal (196 km).

Samgönguráðuneytið, 25. apríl 1977.

Halldór E. Sigurðsson.

Brynjólfur Ingólfsson.

12. apríl 1977.

Nr. 12.

L Ö G

um breyting á lögum nr. 53 22. apríl 1967, um fávitastofnanir.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

15. gr. hljóði svo:

Ríkið skal starfrækja skóla, Þroskaþjálfaskóla Íslands. Hlutverk skólans er að mennta fólk til að gegna uppeldi, umönnun og þjálfun þroskaheftra.

Skólastjóri Þroskaþjálfaskóla Íslands skal hafa lokið háskólaprófi í uppeldis- og sálarfræði eða hafa lokið sérkennaraprófi frá viðurkenndum háskóla. Skólastjóri skal einnig hafa staðgóða þekkingu á uppeldi og umönnun fólks með sérþarfir.

Um stjórn skólans, starfslið, námstíma, námsefni, inntökuskilyrði og annað, er varðar starfsemi hans, skal ákveðið í reglugerð.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 12. apríl 1977.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Bjarnason.